

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 15. maí kl. 12:00 var haldinn 108. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Dagur B. Eggertsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lagning Hellisheiðaræðar.

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Í ljósi riftunar Klæðningar ehf. á verksamningum, felur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra að ganga til samningskaupa um áframhald og lúkningu verksins HH-IV 04 Hellisheiðaræð og Engidalsæð. Leitað verði samninga við þá þrjá aðila aðra, sem lægst buðu í verkið og metnir voru hæfir.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Jafnframt lagt fram erindi Urðar og Grjóts ehf-Stáls og suðu ehf., mótt. 11. maí 2009, ásamt fylgiskjölum.

Tillagan samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B.Eggertsson sitja hjá.

Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson óska bókað:

Mikilvægt er að sumarið framundan nýtist til framkvæmda við Hellisheiðaræð svo tryggt sé að afhending heits vatns frá Hellisheiðarvirkjun geti hafist haustið 2010. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur telur mikilvægt við þær aðstæður sem skapast hafa að fylgja þeim skilyrðum um sem giltu við upphaflega útboðið og varða fjárhag og tækilegt hæfi bjóðanda. Væri vikið frá þessum skilyrðum við samningskaup nú, væri jafnræðis verktaka ekki gætt.

2. Lagt fram 3ja mánaða uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar til 31. mars 2009.

Jafnframt lagt fram Ársfjórðungsyfirlit Askar Capital yfir þróun erlendra lána og gengishreyfingar frá áramótum, dags. í apríl 2009.

Hlynur Stefánsson lögg. endurskoðandi frá KPMG kom á fundinn ásamt sviðsstjóra reikningshalds og gerði grein fyrir uppgjörinu.

Árshlutauppgjörið samþykkt og áritað af stjórn.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B. Eggertsson leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Af nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins má ráða að þróun lykilforsendna í atvinnu- og efnahagslífi sé líkleg til að verða töluverð önnur og verri er gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun Orkuveitunnar 2009 og þriggja ára áætlun 2010-2012. Þetta á sérstaklega við um gengisforsendur sem hafa veruleg áhrif á rekstrarstöðu og framkvæmdagetu Orkuveitunnar.

- Óskað er upplýsinga um helstu frávik í forsendum milli fjárhagsáætlunar Orkuveitunnar og fyrirbyggjandi þjóðhagsspár.
- Óskað er eftir mati á því hvaða áhrif það hefði fyrir helstu kennitölur, niðurstöðutölur og lykilstærðir og fjárhagsáætlunar Orkuveitunnar 2009 ef hagstærðir þróuðust í samræmi við þjóðhagsspá.
- Óskað er eftir mati á því hvaða áhrif það hefði fyrir helstu kennitölur og niðurstöðutölur og lykilstærðir þriggja ára áætlunar Orkuveitunnar 2010-2012 ef hagstærðir þróuðust í samræmi við þjóðhagsspá. Bæði miðað við óbreyttan framkvæmdahraða og miðað við frestun virkjanaframkvæmda.
- Óskað er eftir mati á því hvaða áhrif það hefði á handbært fé Orkuveitunnar, standist forsendur þjóðhagsspár, m.v. að ekki komi til sérstakrar viðbótar lántöku og óbreyttar áætlanir um framkvæmdir og rekstur skv. fjárhagsáætlun 2009 og þriggja ára áætlun Orkuveitunnar.

Júlíus Vífill Ingvarsson vék af fundi kl. 13:00. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir tók sæti á fundinum kl. 13:30.

3. Orkusala til stórnotenda.

Þórður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu, kom á fundinn, lagði fram upplýsingagögn, flutti kynningu og svaraði fyrirspurnum ásamt framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu.

Einnig lagður fram listi yfir þau fyrirtæki sem leitað hafa til Orkuveitu Reykjavíkur á síðustu misserum um orkukaup.

Sigrún Elsa Smáradóttir óskaði eftir minnisblaði um kostnað fyrirtækja vegna orkukaupa, bæði á stóriðjutaxta og smásölutaxta. Kostnaði verði skipt upp miðað við orkukostnað, flutnings- og dreifingarkostnað og hver þróun þessara kostnaðarþátta hefur verið.

Lögð fram á ný svohljóðandi tillaga Sigrúnar Elsu Smáradóttur, frá 23. janúar s.l.:

Stjórn OR samþykkir að skipaður verði starfshópur, sem falið verður að fara yfir þá kosti sem mögulegir eru í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera.

Tillagan felld með fjórum atkvæðum tveimur.

Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Gunnar Sigurðsson óska bókað:

Framlagðar upplýsingar sýna að stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur hafa unnið í samræmi við þann vilja stjórnar fyrirtækisins að huga að fjölbreytilegum kostum í heildsölu á raforku til stórkaupenda, ekki síst á grundvelli áhættudreifingar í rekstri. Á undanförunum misserum hafa fulltrúar Orkuveitunnar átt viðræður við fjölmarga erlenda aðila um hugsanlega raforkusölu til stórnotenda; aðallega gagnaver og efnaframleiðendur, t.d. framleiðendur á kísilmálmi, kísilflögum, koltrefjum, pappírsvörum og álþynnum. Af hálfu Orkuveitunnar hafa slíkar viðræður verið á sama grundvelli og viðræður við núverandi stórkaupendur fyrirtækisins, þ.e. að fyrirtækið geri samning við trausta aðila um orkusölu á viðunandi verði til langs tíma. Af kynningu Fjárfestingarstofu og umræðum á fundinum má ráða að margvíslegir möguleikar eru á sölu raforku til stórkaupenda úr öðrum greinum en áliðnaði. Stjórnin felur forstjóra að vinna áfram að því að kynna fyrirtækið fyrir væntanlegum stórkaupendum í því skyni að ná frekari áhættudreifingu í rekstri.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B. Eggertsson óska bókað:

Það eru mikil vonbrigði að meirihlutinn hefur nú felld tillögu um stofnun starfshóps sem falið yrði að fara yfir mögulega kosti í raforkusölu til stórnotenda annarra en álvera. Markmið tillögunnar var að leita leiða til að dreifa áhættu í raforkusölu OR.

Sá gluggi sem er í orkusölusamningi við álver í Helguvík um sölu á 75 MW til annarrar orkufrekrar starfsemi í Ölfusi rennur út 1. júlí án þess að ráðist hafi verið í þessa vinnu og er það miður. Hætt er við að fyrirsjáanleg raforkuframleiðsla OR lokist inni í samningnum við álver og OR verði þar með háð hámarksverði á áli sem er í lágmarki. Áhugaleysi meirihlutans á öðrum orkusöluþingum er því harmaður.

4. Innkaupamál.

- Lagt fram svohljóðandi erindi sviðsstjóra nýrra virkjana, varðandi byggingu stöðvarhúss yfir vélar 5 og 6 við Hellisheiðarvirkjun og samþykkt var á fundi Innkauparáðs 11. maí sl.

Í febrúar 2009 auglýsti OR útboðið á EES. Tilboð voru opnuð 16. apríl sl. 7 tilboð bárust í verkið. JÁverk ehf. var með lágsta tilboðið, 2.370.630.257 kr. m.vsk eða 63,72% af kostnaðaráætlun.

Fyrirtækið uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum um veltu, eiginfjárstöðu og tæknileg atriði.

Fyrirtækið hefur lagt fram bréf frá Íslandsbanka hf. um viljrði fyrir verktryggingu.

Búið er að fara yfir tilboð JÁverks með verktakanum og stendur hann við tilboð sitt, Óskað er eftir samþykki Innkauparáðs til að ganga til samninga við JÁverk.

Erindið samþykkt.

- Lagt fram erindi forstjóra dags. 12. maí þar sem óskað er staðfestingar stjórnar á viðaukasamningi við Balcke Dürr, Mitsubishi Heavy Industries og Mitsubishi Corporation um kaup og uppsetningu á vélasamstæðum fyrir virkjanir á Hengilssvæðinu, að fjárhæð 1.118.745.000 kr.

Innkauparáð samþykkti viðaukann fyrir sitt leyti 11. maí og vísaði honum til stjórnar OR til staðfestingar.

Viðaukinn samþykktur.

5. Starfshópur eigenda.

Stjórn samþykkir eftirfarandi bókun:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fer þess á leit við eigendur fyrirtækisins að þeir setji á fót starfshóp sem hafi það hlutverk að gera tillögu um þá uppskiptingu fyrirtækisins, sem nauðsynleg er vegna nýlegrar lagasetningar. Jafnframt verði það hlutverk starfshópsins að yfirfara lög um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001 og sameignarsamning eigenda.

Lagt er til að Reykjavíkurborg tilnefni þrjá fulltrúa í starfshópinn, Akraneskaupstaður einn og Borgarbyggð einn.

Starfshópurinn skili tillögum sínum til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, borgarráðs Reykjavíkurborgar, bæjarráðs Akraneskaupstaðar og byggðaráðs Borgarbyggðar eigi síðar en 1. september 2009 en starfi til loka árs, þegar uppskiptingunni á að vera lokið.

6. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn í júní 2009 samþykkir að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn í júní 2009 ákveður að stjórnarlaun ársins 2008 verði kr. 125.000.- á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Einnig að heimilt verði að greiða kr. 125.000.- upp í stjórnarlaun næsta árs tímabilið janúar til mars 2009, en kr. 112.500 frá 1. apríl 2009 og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000.- á fund til marsloka 2009, en kr. 31.500 á fund frá 1. apríl 2009.

Samþykkt. Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B. Eggertsson sitja hjá.

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn í júní 2009 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 800 milljónir króna. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2009 á vormánuðum 2010.

Samþykkt. Sigrún Elsa Smáradóttir og Dagur B. Eggertsson sitja hjá.

7. Önnur mál.

- Lagðar fram fundargerðir stjórnar REI 25. mars, 26. mars og 3. apríl 2009, stjórnar Uppgræðslusjóðs Ölfuss 26. mars 2009 og stjórnar HAB 2. mars 2009.
- Lögð fram yfirlit yfir aðkeypta sérfræðiþjónustu Gagnaveitu Reykjavíkur og REI 2007 og 2008, sbr. fyrirspurn Björns Bjarka Þorsteinssonar, sem svarað var öðru leyti 17. apríl 2009.
- Lagt fram erindi kaþólska biskupsins vegna Hvammsvíkur dags. 23. mars 2009.

Forstjóri greindi frá því að samkomulag hafi tekist við ÍTR um rekstur útivistarsvæðisins sumarið 2009.

- Lögð fram svohljóðandi ályktun stjórnar útivistarsvæða Orkuveitu Reykjavíkur dags. 8. maí sl.

Stjórn Útivistarsvæða Orkuveitu Reykjavíkur hefur kynnt sér þær tillögur sem liggja fyrir um nýtt skipulag hestúshahverfis í Víðidal. Stjórnin bendir á að mikil flóðahætta er á skipulagssvæðinu og telur stjórnin að gæta þurfi sérstaklega að fráveitumálum á svæðinu. Það er álit stjórnarinnar að setja þurfi sérstakar reglur um fráveitumál svæðisins til að ekki hljóti hætta fyrir lífríkið í ánum.

Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir óska bókað:

Deiliskipulag hestúshabyggðar í Víðidal hefur þegar verið tekið til endurskoðunar. Sú endurskoðun byggir á að minnkað verður byggingarmagn reitsins frá samþykktu deiliskipulagi.

- Lögð fram ódags. og óundirrituð samþykkt trúnaðarmanna Starfsmannafélags Reykjavíkur, RSÍ, Eflingar, VM, BHM og Samiðnar hjá Orkuveitu Reykjavíkur vegna ákvörðunar um arðgreiðslur til eigenda.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:30.

Guðlaugur G. Sverrisson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Sigurðsson,
Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.